



# Samgöngufélagið

Engjavegi 29 - 400 Ísafjörður • Kt. 620999-3269 • Netfang samgongur@samgongur.is • Veffang www.samgongur.is

Ísafirði, 10. apríl 2017.

Nefndasvið Alþingis,  
netfang: nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 50/1987 með síðari breytingum. - 307. mál á 146. löggjafarþingi 2016-2017.

## I.

Löngu tímabært verður að telja að setja heimild í lög til handa opinberum aðilum, ríki og sveitarfélögum, til gjaldtöku fyrir annars vegar notkun bílastæða á landi sem er í þeirra umráðum, jafnt innan sem utan þéttbýlis, og hins vegar til að setja reglur um þessa gjaldtöku. Helgast þetta, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, af mikilli fjölgun ferðamanna hingað til lands og mjög vaxandi umferð þeirra um þjóðvegi landsins. Ættu þessar heimildir að geta stuðlað að því að ráðist verði í gerð góðrar aðstöðu við vinsæla eða áhugaverða áningarstaði fyrir þá sem ferðast á vélknúnum ökutækjum um landið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarstjórn sé heimilt að setja *reglur* um notkun bílastæða (stöðureita) í *landi sem sveitarfélag* fer með umráð yfir þ.m.t. þjóðlendum innan marka þess. Þarf lögreglustjóri, hver í sínu umdæmi, að samþykka þær reglur en (umhverfis)ráðherra reglur um notkun bílastæða (stöðureita) á þjóðlendum (en ekki lögreglustjóri). Þá er kveðið á um að sveitarstjórn (en ekki aðrir) skuli annast innheimtu gjaldsins á bílastæðum í landi sem það fer með umráð yfir sem og þjóðlendum innan marka þess. Að því er varða *land í umráðum ríkisins*, annað en þjóðlendir eða náttúruverndarsvæði, er ráðherra (samgöngumála) að fegnu samþykki ráðherra (fjármála) er fer með málefni lands í eigu ríkisins, heimilt að *setja reglugerð* um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir hana þar. Er sérstaklega tekið fram í 4. mgr. að ráðherra *innheimti gjald* skv. þessu ákvæði eða feli öðrum að sjá um innheimtuna samkvæmt samningi.

## II.

Æskilegt er að jafnt ríki sem sveitarfélögin nýti þessa heimild til að setja reglur um notkun bílastæða (stöðureita) af ábyrgð, hófsemd og að sem mest samræmi sé milli sveitarfélaganna um allt sem lýtur að gerð þessara bílastæða og þeim reglum sem um þau og gjaldtöku og innheimtu gjalds fyrir notkun þeirra eiga að gilda.

Þótt í núgildandi lögum (2. mgr. 83. gr. umferðarlaga) sé kveðið á um að sveitarstjórn sé heimilt, að fengnu samþykki lögreglustjóra, að setja reglur um notkun stöðureita og gjald fyrir hana í kaupstöðum og kaптúnum (þéttbýli), er vandséð hvaða sérstöku þekkingu eða aðstöðu lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, hafa í raun til að fjalla um þessar reglur eða gerð og notkun þessara bílastæða yfirleitt. Þetta var án efa heppilegt fyrirkomulag þegar gildandi umferðarlög voru samþykkt fyrir 30 árum, en nú sýnist nærtækara að fela Samgöngustofu þetta hlutverk, sbr. lög nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála. Á stofnunin að hafa yfirsýn og fagþekkingu um flest sem lýtur að umferð og umferðarmannvirkjum, en bílastæði ætluð almenningi og gjaldtaka af þeim hlýtur að teljast falla þar undir. Yrði henni jafnframt falið að fylgjast með þeim kröfum sem gera má til bílastæða og þess

búnaðar og umgjarðar sem tengist gjaldtöku fyrir notkun þeirra. Væri jafnvel athugandi að Samgöngustofa samþykkti einnig reglur um bílastæði á þjóðlendum í eigu ríkisins.

Þótt þetta hafi e.t.v. ekki mikla þýðingu telst rétt að vekja athygli á þessu þar sem telja verður líklegt að gjaldskyldum bílastæðum eigi eftir fjölga talsvert og þá æskilegt að aðili með yfirsýn og þekkingu á landsvísu hafi það hlutverk að samþykkja þessar reglur. Ekki er ólíklegt að fela mætti Samgöngustofu frekara eftirlits- og samræmingarhlutverk með þessari starfsemi seinna meir, sem vandséð er að lögreglustjórar geti sinnt á sama hátt. Má einnig benda á að það ætti að vera kostur að sú stofnun sem hefur það hlutverk sem hér er lýst heyrir undir sama ráðuneyti og samgöngumál að öðru leyti, nú þegar til stendur að skipta innanríkisráðuneytinu, sem farið hefur með þennan málaflokk, í annars vegar dómsmálaráðuneyti sem fara mun með lögreglumál og hins vegar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti sem fara mun með samgöngumál. Ekki er kunnugt um að þessar breytingar ef af yrðu kölluðu á breytingar á öðrum lögum eða reglugerðum. Þetta verkefni mætti fella undir 4. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu.

Hafa ber í huga að í frumvarpinu er miðað við að tekjur af bílastæðagjöldum (sem hér á landi bera engan virðisaukaskatt) renni til ákveðinna afmarkaðra verkefna. Ekki er minnst á að bílastæðunum og sú gjaldtaka sem þeim mun fylgja sé ætlað að verða aðgangsstýringartæki að því svæði sem þeim er ætlað að þjóna þótt það muni án efa leiða óbeint af því ef ekki rúmast mörg ökutæki samtímis á sama stæði á vinsælum áningarstað. Kann að þurfa að hafa þetta í huga þegar reglur verða settar um þessi bílastæði.

Hér skal bent á að telja verður að skýr heimild þurfi að vera handa sveitarfélögum til að fela öðrum aðila innheimtu bílastæðagjalda. Ekkert er kveðið á um þetta í frumvarpinu en hins vegar sérstaklega tekið fram að ráðherra geti falið öðrum að sjá um innheimtu bílastæðagjalda á landi í eigu ríkisins með samningi. Þykir þurfa að taka af öll tvímæli um að sveitarfélögum verði þetta einnig heimilt en nú eru ýmsir sérhæfðir aðilar farnir að veita þjónustu á þessu sviði oft með sjálfvirkum hætti sem þau gætu leitað til.

Ákvæði 1. og 2. mgr. Frumvarpsins orðist því sem hér segir (í breytingarham):

#### 1. gr.

Í stað 2. mgr. 83. gr. laganna koma fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sveitarstjórn er heimilt að setja reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir hana á landi í umráðum hennar, þ.m.t. á þjóðlendum innan marka sveitarfélagsins. Reglur um notkun stöðureita á landi í umráðum sveitarstjórnar þurfa samþykki ~~lögreglustjóra~~ Samgöngustofu. Reglur um notkun stöðureita á þjóðlendum skulu auk Samgöngustofu samþykktar af ráðherra er fer með málefni þjóðlendna.

Sveitarstjórn innheimtir gjald skv. 2. mgr. á stöðureitum á landi í umráðum hennar og á þjóðlendum innan marka sveitarfélagsins eða felur öðrum að sjá um innheimtuna með samningi. Samþykki ráðherra er fer með málefni þjóðlendna þarf fyrir gjaldtöku innan þeirra.

#### III.

Þá skal nefnt að heppilegra kynni að vera að í téðum ákvæðum umferðarlaga verði tekið upp orðið bílastæði í stað orðsins stöðureitur. Þótt síðarnefnda orðið sé um margt ágætt virðist það lítt notað í daglegu máli, en orðið bílastæði (bifreiðastæði) og ýmsar samsetningar þess hins vegar algengar. Þarf ekki að fara lengra en að vísa í greinargerð með þessu frumvarpi þar sem þessi orð eru notuð jöfnum höndum.

Þetta orð, stöðureitur, virðist óvígða notað ef leitað er á netinu og það er ekki að finna á vef Árnastofnunar, [www.malid.is](http://www.malid.is).

Virðingarfyllt,  
  
Jónas Guðmundsson  
formaður